



ÁRSSKÝRSLA FJÖLSMIÐJUNNAR 2021

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Ársskýrsla Fjölsmiðjunnar 2021.....	2
Stjórn árið 2021.....	2
Ávarp formanns	2
Almennt um starfsemina:	6
Fjárhagur	6
Ráðgjöf og kennsla:.....	8
Fræðsludeild - formlegt nám.....	8
Áherslur í starfi	13
Starfsemi deilda.....	15
Bíladeild:	15
Trésmíðadeild:	16
Veitingadeild:	17
Tæknideild:	18
Handverks- og pökkunardeild:	19
Nemar	20
Viðauki.....	26
Ársreikningur 2021	30

Ársskýrsla Fjölsmiðjunnar 2021

Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun. Stofnaðilar voru Rauði kross Íslands, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Vinnumálastofnun og Félagsmálaráðuneytið.

Stjórn árið 2021

Ellen Jacqueline Calmon formaður- Fulltrúi Reykjavíkurborgar

Páll Björgvin Guðmundsson varaformaður – Fulltrúi SSH

Guðrún Narfadóttir - Fulltrúi Mennta- og menningarráðuneytisins

Klara Briem – fulltrúi Félagsmálaráðuneytisins

Margrét Ásgrímsdóttir – fulltrúi VMST. (inn fyrir Ragnheiði Ísleifs Ólafsdóttur)

Forstöðumaður Fjölsmiðjunnar er Sturlaugur Sturlaugsson.

Ávarp formanns

Árið 2021 var Fjölsmiðjunni erfitt að mörgu leyti sökum heimsfaraldursins sem hafði mikil áhrif á starfsemi. Bæði voru lokanir vegna faraldurs, fjarvera nema og starfsfólks vegna sóttkvíar og veikinda og samdráttur á verkefnum allt hélt þetta í hendur og hafði sín áhrif. Stjórnendur og starfsfólk lagði sig þó allt fram um að halda góðum tengslum við nemana og halda þeirri starfsemi gangandi sem hægt var hverju sinni. Þetta fordæmalaus ástand hafði svo áhrif á tekjuhlið Fjölsmiðjunnar sem gerði það að verkum að loka þurfti handverks- og pökkunardeildinni í um sjö mánuði.

Formaður og forstöðumaður Fjölsmiðjunnar áttu fundi með sveitastjórum höfuðborgarsvæðisins og Sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu en einnig með fulltrúum ráðuneyta og Vinnumálastofnunar um mikilvægi þess að Fjölsmiðjan fengi fastan fjárhagsstuðning til þriggja ára svo hægt væri að gera starfs- og fjárhagsáætlanir með meiri fyrirsjáanleika og tryggja stöðugleika í rekstri. Var vel tekið í erindi fulltrúa Fjölsmiðjunnar og horfum við fram á bjartari tíma þó starfsemi sé ekki enn að fullu fjármögnuð.

Fjölsmiðjan er viðurkenndur framhaldsfræðsluaðili og hafa æ fleiri nemar sýnt áhuga á að sinna einingarbæru námi í samstarfsskólum Fjölsmiðjunnar sem eru

Borgarholtsskóli, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Tækniskólinn sem er vel.

Fjölsmiðjan hefur einnig verið að taka við fleiri nemum sem eru með annað móðurmál en íslensku í þeim hópi eru einnig fylgdarlaus flóttabörn. Má gera ráð fyrir að fjölgi í þeim hópi á næstu árum. Þá er einnig gert ráð fyrir almennt meiri aðsókn í Fjölsmiðjuna nú þegar C19 faraldrinum linnir því þá koma fram þau ungmenni sem hafa fallið úr námi eða ekki stundað vinnu á meðan faraldurinn geisaði. Þá verður brýnt að þau geti gengið að úrræði Fjölsmiðjunnar vísri og lendi ekki í bið.

Ég tel mikilvægt að bakhjarlar Fjölsmiðjunnar taki höndum saman og tryggi að starfsemin hafi tækifæri til að þróast enn frekar og verða öflugri. Fjölsmiðjan tekur gjarnan á móti velunnurum í heimsókn hafi þeir áhuga á kynna sér starfsemina eða til að rifja upp gömul kynni.

Stjórnendum og starfsfólki þakka ég óeigingjarnt starf á árinu, sveigjanleika og útsjónarsemi.

Ellen Calmon formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu



Ellen Calmon formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu



Fjölsmiðjan 20 ára, Ásgeir Jóhannesson fyrsti formaðurinn og frumkvöðull að stofnun hennar

Sagan í stuttu máli

Eins og áður hefur komið fram þá var það Rauði krossinn sem átti frumkvæðið að stofnun Fjölsmiðjunnar á sínum tíma.

Það var ánægjulegt að fá einn aðal hvatamanninn að stofnun Fjölsmiðjunnar í heimsókn á 20 ára afmælisdeginum 15. mars og fyrsta formann stjórnar Fjölsmiðjunnar þ.e. Ásgeir Jóhannesson.

Hann fræddi okkur m.a. um aðdraganda að stofnun Fjölsmiðjunnar. Nafnið var keypt af fyrirtæki úti bæ sem var í raun hætt starfsemi, fyrir 10 þ.kr. Nafnið Fjölsmiðjan á að tákna þann fjöldbreytileika starfa sem er í boði.

Upplýsingar um brottfall úr skóla voru víst ekki svo opinberar á þessum árum og það þurfti aðstoð Hagstofunnar til að finna það út að brottfall úr skólum fyrir rúmum 20 árum síðan var um 40 %.

Þessar staðreyndir ýttu m.a. undir stofnun Fjölsmiðjunnar.

Rauði krossinn leitaði eftir hugmyndum að úrræði fyrir aldurshópinn 16- 24 ára og það var ekki fyrr en árið 1997 að Ásgeir er í einkaerindum á ferðalagi í Köben og nýtti ferðina og kynnti sér m.a. kvennasmiðju með Rauða krossinn í huga.

Þegar hann er að yfirgefa smiðjuna þá rekst hann á bækling um “ Produktion “ skóla í Danmörku sem hann hreifst af sem varð svo fyrirmyndin að stofnun Fjölsmiðjunnar fjórum árum seinna.

Takk fyrir frumkvæðið og eldmóðinn Ásgeir Jóhannesson og annað hugsjónafolk sem stuðlaði að stofnun Fjölsmiðjunnar. Kristján Guðmundsson velunnari Fjölsmiðjunnar, fyrrverandi félagsmálastjóri og bæjarstjóri Kópavogs var síðan ráðinn verkefnastjóri á undirbúningsstigi Fjölsmiðjunnar. Þorbjörn Jensson fyrrverandi forstöðumaður hennar leiddi svo starfsemina samfellt í 17 farsæl ár. Guðrún Kristinsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Fjölsmiðjunnar og eiginkona Þorbjörns hætti á árinu 2021 en hún starfaði í Fjölsmiðjunni í um 18 ár.

Myndin að ofan er af Ásgeiri J. þegar hann heimsótti og borðaði með okkur í tilefni dagsins. Hann varð 90 ára á árinu 2021.

Rauði krossinn kynnti hugmyndirnar fyrir þáverandi félagsmálaráðherra Páli Péturssyni sem tók að sér að hafa forræði að athugun og undirbúningi málsins. Rauði krossinn sá sig knúinn til að bregðast við ákveðnu ástandi.

Gissur Pétursson núverandi ráðuneytisstjóri í Félagsmálaráðuneytinu hefur fylgt Fjölsmiðjunni eftir, öll þessi ár m.a. með því að vera í stjórn nánast frá upphafi.

Hugmyndin að Fjölsmiðjunni er fengin frá dönsku „Produktion“ skólunum eins og áður sagði, sem Þorbjörn Jensson fyrsti forstöðumaður Fjölsmiðjunnar kynnti sér vel við upphaf starfseminnar. Reynsla Dana var sú að 80% þeirra sem komu í vinnusetrin fóru í skóla eða út á vinnumarkaðinn sem líklega er góður árangur.

„Hugmyndin er að vera með trésmíðadeild, garðyrkjudeild, járnsmíðadeild, skrifstofu og tölvudeild. Þá er ætlunin að vera með umönnunardeild og hússtjórnardeild þar sem m.a. verður kennd matreiðsla, saumaskapur og ýmislegt fleira, svo verður þjóðfélagsfræðsla og fræðsla um peninga...“Þetta skrifar Þorbjörn Jensson fyrrverandi forstöðumaður til 17 ára við upphaf Fjölsmiðjunnar árið 2001. Í dag er Fjölsmiðjan rekin í meginráttum í sama anda.



Þorbjörn Jensson var forstöðumaður og “þjálfari” Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu í 17 ár og þróaði starfsemina.

Almennt um starfsemina:

Fjárhagur

Árið 2021 voru haldnir sex stjórnarfundir með aðalfundi þann 24. júní 2021 vegna ársins 2020. Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál er varðar starfsemina, félagslega, fjárhagslega og skipulagslega.

Menntamálaráðuneytið, Atvinnuleysistryggingasjóður (VMST) og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggja til rekstrarfé uppi 125 m.kr. á árinu 2021, þar af kom Menntamálaráðuneytið með viðbótar eingreiðslu uppi 5 m.kr. Fjölsmiðjan fékk styrk frá Virk uppi 3 m.kr og frá Þróunarsjóði innflytjenda uppi 2 m.kr. vegna átaksverkefnis í fræðslumálum tengt einstaklingum af erlendum uppruna.

Seld þjónusta Fjölsmiðjunnar var uppi 33.5 m.kr. sem er um 1 m.kr. hækkun á milli ára.

Heildartekjur Fjölsmiðjunnar reyndust 164.8 m.kr. og voru óbreyttar á milli ára. Framlegð deilda upp í fastan kostnað Fjölsmiðjunnar voru 19.1 m.kr. og lækkar um 1 m.kr. á milli ára og föst framlög eru nær óbreytt á milli ára.

Gjöld umfram tekjur á árinu voru 10.2 m.kr. Eigið fé um áramótin 2021 eru 12.7 m.kr.

Almennir kjarasamningar og farsóttarfaraldurinn Covid 19 höfðu veruleg áhrif á starfsemi Fjölsmiðjunnar.

Fjármál og rekstur Fjölsmiðjunnar hefur alltaf verið stór hluti af daglegu starfi og krafan um tekjuöflun mikilvægur þáttur í starfinu. Það er styrkur Fjölsmiðjunnar að afla tekna, vinnan verður sýnilega einhvers virði og nemarnir sjá að þeir skipta máli á vinnustaðnum. En Fjölsmiðjan á því miður erfitt með að sækja viðbótarfjármagn út í atvinnulífið til að fjármagna m.a. launahækkanir á almennum kjarasamningum.

Fjölsmiðjan hafði yfirleitt næg verkefni, þó var það mismunandi á milli deilda og vinnustaðurinn gekk ágætlega.

Bíladeildin hefur haldið sínu striki og er með fyrirtæki og stofnanir í föstum viðskiptum en einstaklingar halda uppi fjöldanum í kaupum á þjónustunni. Að jafnaði eru afgreiddir um þrír til fjórir bílar á dag, eftir mönnun deildarinnar hverju sinni.

Framlegð trésmiðadeildarinnar er svipuð á milli ára en hefur vaxið töluvert síðustu tvö ár. Brettaframleiðsla er stór þáttur í starfi deildarinnar.

Farsóttarfaraldurinn hefur haft veruleg neikvæð áhrif á rekstur veitingadeildarinnar en framleiðsla matarbakka sem hófst á árinu 2020 hefur aðeins hjálpað okkur að halda í viðskiptamennina. Framleiðsla matarbakka hefur verið ný og ögrandi áskorun fyrir nemana okkar.

Tæknideildin (Rafdeild – Tölvudeild) hefur gengið í gegnum miklar breytingar sem lofa góðu. Samningar hafa náðst við fyrirtæki og stofnanir um móttöku tölvubúnaðar sem tæknideildin reynir svo að glæða nýju lífi og selja á innlendum og erlendum mörkuðum. Tæknideildin er virk í hringrásarhagkerfinu.

Handverks- og pökkunardeildin þurfti að takast á við samdrátt í atvinnulífinu. Handverksdeildin var lokuð í um sjö mánuði til að takast á við rekstraráskoranir Fjölsmiðjunnar á árinu 2021.

Ársreikningur Fjölsmiðjunnar fyrir árið 2021 er hluti af ársskýrslunni og er aftast í skýrslunni undir viðauka.

Ráðgjöf og kennsla:

Hjördís B. Gestsdóttir var náms- og starfsráðgjafi Fjölsmiðjunnar fyrri hluta árs 2021 og Heiða Kristín L. Harðardóttir náms- og starfsráðgjafi tók svo við af henni í september.

Náms- og starfsráðgjafi sinnir ýmsum verkum og má meðal annars nefna að aðstoða nema við að sækja um vinnu eða skóla og skipuleggja nám sitt. Þá fá namar ýmis konar ráðgjöf, geta tekið áhugasviðspróf, fyllt út starfsferilskrár og fengið stuðning við það sem þeir eru að vinna að hverju sinni. Eins veitir ráðgjafi nemum persónulega ráðgjöf, hópráðgjöf, markþjálfun ásamt að sjá um framfaraskráningu nema Fjölsmiðjunnar. Námsráðgjafi færir inn umsóknir allra sem sækja um í Fjölsmiðjuna og sér um samskipti við ráðgjafa og forráðamenn.

Fræðsludeild - formlegt nám

Fríða Ólafsdóttir náms – og starfsráðgjafi/ kennari var deildarstjóri fram á mitt ár 2021 en þá tók Sylvía B. Gústafsdóttir kennari við sem deildarstjóri.

Fríða og Sylvía sinntu ýmsum verkefnum tengt því að efla einstaka nema Fjölsmiðjunnar með almennri fræðslu. Fræðsludeildin hefur m.a. sinnt :

- hóp- og einstaklingsráðgjöf
- aðstoðað nemendur að sækja um í skólum
- veitt aðhald í námi
- veitt námsaðstoð eftir þörfum
- lífsleikni kennslu
- aðstoð með bóklegt ökunám

Nám í Fjölsmiðjunni

Nú er eitt ár liðið frá því að viðurkennt nám frá Menntamálastofnun Íslands hófst.

Þegar við lítum til baka sjáum við hversu mikilvægt skref það var að ná þessum áfanga. Fjöldi nemenda hafa fengið trú á menntakerfið á ný og haldið áfram námi.

Nemum í Fjölsmiðjunni stendur til boða að stunda nám samhliða störfum í Fjölsmiðjunni, t.d. í einum til þremur áföngum. Fer það þannig fram að umsjónarmaður ráðgjafar fer með nemanum í gegnum það hvaða áfanga sé best að taka og hvaða áfanga þeir séu búnir með. Oft er þetta gert í samvinnu við náms- og starfsráðgjafa í viðkomandi skóla. Sumir namar eru að byrja aftur þar sem frá var horfið en aðrir hafa aldrei farið í framhaldsskóla og jafnvel ekki lokið grunnskólaprófi.

Það er stórt skref að hefja nám að nýju, sérstaklega þegar minningar frá fyrri skólagöngu eru ekki góðar og valda jafnvel vanlíðan hjá nemunum. Þeir nemar sem fara í skóla samhliða starfi í Fjölsmiðjunni eiga mikið hrós skilið fyrir dugnað og áræðni.

Þau einingabæru fög sem kennd voru á árinu 2021 voru stærðfræði á 1. þrepi og íslenska á 1.þrepi.

Þetta eru fög sem þarf til að útskrifast úr grunnskóla og hefja nám í framhaldsskóla.

Einnig var hægt að skrá sig í lífsleikni og fá einingar fyrir. Ekki hefur verið nægjanleg eftirspurn eftir kennslu í ensku á 1. og 2. þrepi.

Ánægjulegt samstarf hélt áfram við þá framhaldsskóla sem gert hafði verið samstarfssamninga við. þ.e. Borgarholtsskóla, Fjölbrautaskólann við Ármúla, Fjölbrautaskólann í Breiðholti og Tækniskólann.

Aðalnámskrá grunn- og framhaldsskólana var höfð að leiðarljósi við gerð námskrár en það er ljóst að samsetning nemana hér í Fjölsmiðjunni hefur mikið að segja hvernig námið gengur fyrir sig.

Áherslur námsins í Fjölsmiðjunni er að koma til móts við og finna styrkleika nemanna, vinna með þá og efla. Hjálpa þeim til að fá trú á eigin getu. Nemendur koma og kíkja inn í skólastofuna og athuga hvort að þetta sé öruggt umhverfi til að vera í og treysta. Það getur því tekið nokkrar vikur að fá loka nemendahópinn. Margir nemenda okkar hafa því miður ekki jákvæða reynslu af skólagöngu sinni og eru því varkárir og jafnvel neikvæðir að hefja skólagöngu í Fjölsmiðjunni.


Covid hafði vissulega áhrif á skólastarfsemina, margir nemar fengu veiruna eða voru settir í sóttkví. Við þurftum að lengja annirnar og kenna aukalega. Námskeið sem var á döfnni í samvinnu við Framvegis frestaðist og var sett á laggirnar 2022.

Námið

Nám 2021

	Nemar sem hófu nám	Nemar sem kláruðu nám
Undirbúningur ísl haustönn	2	1
Undirbúningur stæ vorönn	10	8
Íslenska grunnur haustönn	5	4
Íslenska grunnur vorönn	4	4
Stærðfræði grunnur haustönn	8	6
Íslenska fyrir útlendinga haustönn	13	13
Nám út í bæ - vorönn	7	7
Nám út í bæ - haustönn	7	7

NEMAR Í NÁMI 2021



Íslenska 1. þrep

Margrét Eymundardóttir kennari kenndi íslensku á 1.þrepi.

Íslenska 1. þrep, undirbúningur. Undirbúningsáfangi í íslensku á 1. þrepi er fyrir nemendur sem fengu D í grunnskóla var kenndur á haustönn 2021. Tveir nemendur voru skráðir í áfangann og náði annar þeirra að standast kröfur áfangans sem byggðist upp á símati. Þar sem nemendur í þessum áfanga voru komnir mislangt, þurfti að nota mjög ólíkar nálganir í áfanganum og ekki var hægt að nota saman námsefni. Þessi áfangi var byggður upp eins og sérkennsla.

Íslenska 1. þrep, grunnur. Á vorönn 2021 voru fjórir nemendur skráðir í grunnáfanga í íslensku á 1. þrepi. Áfanginn er fyrir nemendur sem fengu C úr grunnskóla. Allir náðu að standast kröfur áfangans sem byggjast upp á símati, skilum á verkefnum, tímaritgerð og könnunum. Á haustönn 2021 voru fimm nemendur skráðir í áfangann. Fjórir náðu að standast kröfur áfangans sem byggðist á símati eins og á vorönninni.

Stærðfræði 1. þrep

Á vorönn 2021 var kennd stærðfræði á 1.þrepi undirbúningur og voru 10 nemendur sem skráðu sig til leiks og luku átta nemendur námi til eininga.

Stærðfræði á 1. þrepi grunnur var kennd á haustönninni. Átta nemendur hófu nám og sex náðu þeirri hæfni sem til þurfti og útskrifuðust með sóma. Við vorum svo heppin að fá til liðs við okkur margreyndan kennara, Kristínu Bjarnadóttur prófessor í stærðfræði og með mikla kennslureynslu á öllum skólastigum. Það að fá svo reyndan kennara var ómetanlegt fyrir okkur.



Kristín Bjarnadóttir

Lífsleikni

Einingabært Lífsleikninám var kennt á vor- og haustönn 2021 þar sem tekið var á ýmsum þáttum lífsins og farið í vettvangsheimsóknir. Í lífsleiknitímum gefst afar gott tækifæri á að efla þroska nemenda, félagslega, andlega og ekki síður líkamlega þar sem tekið er fyrir hvað góð heilsa er. Tekist er á við áskoranir í daglegu lífi sem þau geta tileinkað sér út ævina.

Fjarnám

Boðið var upp á aðstoðu fyrir fjarnám þar sem nemendur koma og læra og fá þá aðstoð sem þarf til að halda áfram náminu, tveir nemar nýttu sér þetta úrræði árið 2021 og kláruðu það með miklum sóma.

Framhaldsskólanemendur sem enn eru skráðir í Fjölsmiðjunni eiga möguleika á að koma og fá aðstoð við heimanám og er það þökkalega nýtt.

Íslenska fyrir útlendinga

Fjölgun nema af erlendum uppruna hefur verið mikil og því stórir hópar í *Íslensku fyrir útlendinga* og *Aðlögun að íslensku samfélagi*.

Íslenska fyrir útlendinga eða íslenska sem annað mál var kennd á haustönninni, nemendur hófu nám á ólíkum tíma, þeir komu inn í námið þegar þeir hófu störf í Fjölsmiðjunni. Þegar nemendur voru orðnir 13 talsins var hópnum skipt upp í tvo hópa. Ekkert námsmat var í áfanganum og nemendur höfðu mismikla hæfni í íslensku. Það fór meðal annars eftir því hversu lengi þeir höfðu verið á Íslandi.

Aðlögun að íslensku samfélagi er fag sem hefur vaxið og verið ánægjulegt að takast á við en ókosturinn er vissulega sá að nýir nemar bætast jafnt og þétt við hópinn og því erfitt að vera ekki að endurtaka sig. Líklegt er að innflytjendum og flóttamönnum muni fjölga og halda áfram að vera stór hluti af nemum Fjölsmiðjunnar. Það þarf að þróa þessu kennslu í takt við þörfina.

Ökunám

Fjölsmiðjan hefur lagt áherslu á stuðning við ökunám vegna þess að það veitir nemum aukið sjálfstraust og auðveldar þeim að fá vinnu.

Nokkrir nemar fengu aðstoð við bóklega ökuþrófið með því að koma tvisvar til þrisvar sinnum í viku, lesa, gera æfingar og fá aðstoð ef þurfti. Þessi aðstoð var vinsæl og fer nemum ört fjölgandi sem nýta sér þetta.

Til upprifjunar

Þann 7. september 2020 hlaut Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu viðurkenningu frá Menntamálastofnun sem framhaldsfræðsluaðili á 1. þrepi og ensku á 2. þrepi. Þessi viðurkenning hefur mikla þýðingu fyrir starfsemi og nema Fjölsmiðjunnar þar sem nemar fá aukin tækifæri til náms í Fjölsmiðjunni sem metið verður til eininga. Þá er þetta ekki síður viðurkenning á þeirri þróun á faglegu starfi Fjölsmiðjunnar sem hefur átt sér stað á síðastliðnum árum.

Með viðurkenningunni gefst nemum Fjölsmiðjunnar tækifæri til að sækja einingarbært nám á 1. þrepi í Fræðsludeild hennar og ljúka þannig skyldunámi sínu. Í fyrstu var ákveðið að bjóða upp á nám í tveimur áföngum í íslensku, tveimur áföngum í stærðfræði og einum áfanga í lífsleikni. Farið var af stað með lífsleikni inni á deildum á haustmánuðum ásamt kennslu í einum áfanga í stærðfræði og kennslu í íslensku fyrir útlendinga.

Í kjölfar viðurkenningar Menntamálastofnunar náðist samstarfssamningur við fjóra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Borgarholtsskóla, Fjölbautaskólann við Ármúla, Fjölbautaskólann í Breiðholti og Tækniskólann. Megin innihald samningsins snýr að því að nemar sem ljúka námi í Fjölsmiðjunni á 1. þrepi og ensku á 2. þrepi, fá það nám metið að fullu af samstarfsskólunum ef og þegar nemar sækja um nám hjá þeim síðar meir. Enda eru námskrár og áherslur námsins í Fjölsmiðjunni unnar með hliðsjón af námsskrám samstarfsskólanna og Aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla. Nemar Fjölsmiðjunnar sem hyggja á áframhaldandi nám utan veggja Fjölsmiðjunnar síðar meir fá þannig loknar einingar metnar að fullu.

Til lengri tíma litið verður vonandi boðið upp á fjölbreyttara námsval í Fjölsmiðjunni. Ávallt er farið vel yfir námslega stöðu hvers og eins nema út frá gögnum þeirra og þeim raðað í áfanga eftir því hvar hver og einn er staddur. Áhersla er lögð á

einstaklingsmiðaða nálgun, stuðning, mikla eftirfylgni og hvatningu með árangur nemanna í huga.



Samstarfssamningur undirritaður við nokkra skóla.
Vegna Covid var ekki hægt að undirrita hann fyrr en 15. jan. 2021

Áherslur í starfi

- Er að stuðla að heilbrigðum og farsælum venjum í daglegu lífi með frekara nám og þátttöku almennt í lífinu í huga.
- Almenn fræðsla um leiðir til að auka vellíðan byggt á rannsóknum, sbr. Fimm leiðir að vellíðan skv. Landlækni.
- Skapa fyrirtækjamenningu Fjölsmiðjunnar sem vonandi endurspeglar það sem okkar nemar munu upplifa m.a. út á vinnumarkaðnum.
- Meta framfarir og veita endurgjöf til nema og forráðamanna eftir möguleikum skv. regluverkinu.
- Stuðla að jákvæðri hugsun, farsælli hegðun og góðu líkamlegu ástandi sem aftur leiðir til bættrar heilsu.
- Áherslur í starfseminni séu í takt við aðstæður í þjóðfélaginu.
- Miðað er við þarfir VMST og Velferðarþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu, en eðlilega í takt við okkar fjárhagsgetu, starfsmanna fjölda, aðstöðu og verkefni.

- Bjóða nemum sem ekki hafa lokið formlegu grunnskólanámi möguleika á því að fá viðurkenndar námseiningar á 1. þrepi og 2. þrepi í ákveðnum fögum.



Afurðir nema

Starfsemi deilda

Bíladeild:



Það er dekrað við bílana

Deildarstjóri bíladeildar er með meistararéttindi í bifreiðasmíði.

Deildarstjóri er Gunnar Guðjónsson

Seld þjónusta deildarinnar var uppá 4,9 m.kr. sem er aðeins hækkun tekna á milli ára og framlegð um 4,4 m.kr sem er hækkun á milli ára.

Bíladeildin þrífur og bónar bíla. Viðskiptavinir bíladeildar koma úr öllum áttum, jafnt frá hinu opinbera og fyrirtækjum. Þjónusta við einstaklinga er svipuð á milli ára.

Starfið á deildinni er í nokkuð föstum skorðum, reglur við móttöku og skil á bílum.

Mikið er lagt upp úr því að vanda vinnubrögð.

Umsjónarmaður deildarinnar hefur fengið tjónabíla frá tryggingafyrirtækjum (TM / Sjóvá) til niðurrifs. Þannig geta nemar lært og undirbúið sig til frekara náms í vinnu við bíla.



Bíladeildin tekur allskonar verkefni að sér.

Trésmiðadeild:

Guðmundur Hrafnkelsson er deildarstjóri.



Seld þjónusta ársins var 7,9 m.kr sem er heldur meiri velta en frá fyrra ári, framlegðin var 6,7 m.kr. og er svipuð á milli ára. Framleiðsla bretta var mjög stöðug á árinu.

Verkefni fyrir Norðurál koma reglulega og ýmis verkefni önnur falla til, eins og framleiðsla duftkerja í samstarfi við aðila sem framleiðir og selur líkkistur.

Deildin sér einnig um allt viðhald fyrir Fjölsmiðjuna, bæði hvað varðar húsnæði og innanstokksmuni.

Auk þess tekur deildin þátt í mörgum átaksverkefnum sem þarf að vinna, svo sem að merkja dósir o.fl.

Nokkur fjölgun nema hefur orðið á deildinni.

Deildarstjóri trésmiðadeildar er húsasmiður að mennt.

Guðmundur Hrafnkelsson, hefur einnig borið ábyrgð á framleiðslu starfsmannakorta (tölvudeild). Nokkur samdráttur var á framleiðslunni í takt við samdrátt í atvinnulífinu. Þessi framleiðsla leynir þó á sér í orðsins fyllstu merkingu.



Brettasmiði

Veitingadeild:

Deildarstjóri er Valdimar Fjörnir Heiðarsson matreiðslumeistari og Ívar Kjartansson var aðstoðarmatreiðslumeistari en hætti um áramótin 2021/2022.

Veitingadeildin var í stöðugri baráttu við Covid faraldur nema rétt um miðsumar. Aukning og fækkun borðplássanna og fjarðlæggðamörk einkenndu starfseminna á árinu í þeim tilgangi að uppfylla sóttvarnarreglur.

Við höldum áfram með að afgreiða mat út úr húsinu sem er seinvirk og kostaðarsöm vinna. Aðallega vegna einnota umbúða. En við náðum með þessu móti að halda í okkar stærstu kúnna.

Við náðum rétt fyrir sumarfrí að gleðjast í strandveðri á Akranesi og með grillpylsum og sól. Annars var allt annað árlegt slegið af vegna sóttvarnatakmarkanna.



Við náðum að halda Dísarblót (Hrekkjavöku/Halloween) í lok október. Þar fengum við frábæra aðstoð frá Handverksdeildinni til að skreyta hjá okkur salinn.

Ört hækkandi matvælaverð hafði því miður neikvæð áhrif á rekstur deildarinnar.

Seld þjónusta var uppá 13 m.kr. sem er um 1 m.kr. tekjuhækkun á milli ára. Framlegð reyndist 1,1 m.kr. sem er heldur lægri framlegð en frá fyrra ári. Framleiðslu og hráefnisgæðin eru mjög góð. Það sést best í gegnum ánægða viðskiptamenn.

Til uppl. þá voru utanaðkomandi gestir árið 2020 samtals 2217, árið 2021 samtals 4330 og árið 2019 samtals 10358. Árið 2021 var því um 41 % af fjölda gesta fyrir árið 2019.

Veitingadeildin sá um að þjónusta nema Fjölsmiðjunnar með morgun- og hádegismat samhliða því að selja hádegismat til viðskiptavina, aðallega bakkamat.

Menntamálastofnun og Sýni voru áfram í viðskiptum þrátt fyrir Covid.

Tæknideild:

Ásbjörn Torfason er deildarstjóri tæknideildar. Aðstoðarmaður í tæknideild er Davíð Bergmann.

Covid-19 hafði víðtækar afleiðingar fyrir starfsemina, s.s. meiri veltu nema á deildinni en áður hefur sést. Erfitt reyndist að fá viðunandi verð fyrir hráefni úr niðurrifnum tölvubúnaði og erlendir aðilar sýndu notuðum tölvu- og netbúnaði ekki áhuga aðallega vegna mjög mikils fraktkostnaðar.

Mikið af tölvubúnaði (borð- og fartölvur, skjáir og fylgihlutir) barst deildinni á árinu (frá stofnunum og stærri fyrirtækjum) og eftir yfirferð og prófanir urðu endurnotaðar tölvur helsta tekjulind deildarinnar á árinu.

Ýmiss önnur verkefni voru unnin, aðallega fyrir Ölgerðina (endurpökkun a drykkjum og merkingar á kaffi).

Einnig komu nokkur útleiguverkefni á tölvum, skjám, símtækjum o.þ.h. til kvikmyndafyrirtækja eins og Saga Film, True North o.fl.

Um haustið var ákveðið að kaupa kurlara frá Kína með styrk frá Sorpu til að minnka umfang plasts, sem er verðlaust og fyrirferðarmikið afgangshráefni, aðallega úr niðurrifi á tölvum.

Seld þjónusta ársins var uppá 5,8 m. kr. sem er tekjulækkun á milli ára, framlegð var um 4,8 m.kr. sem er lækkun á milli ára. Þessi breyting er aðallega tilkomin vegna m.a. minni viðskipta við Sorpu sem fór í miklar hagræðingar aðgerðir á árinu.

Tæknideildin hefur náð samningum við ýmis fyrirtæki og stofnanir um að taka við notuðum tölvubúnaði. Megin verkefni deildarinnar er að uppfæra þennan búnað og koma í verð bæði innlands sem og erlendis. Við höfum þurft að stokka upp verkefni á tæknideildinni en það eru spennandi tímar framundan við það að próa hana enn frekar þar sem heimurinn er undir hvað markað varðar.



Ýmis búnaður er til sölu á tæknideildinni



Ýmis verkefni voru einnig unnin fyrir Ölgerðina á tæknideildinni

Handverks- og pökkunardeild:

Þórdís Halla Sigmarsdóttir var deildarstjóri frá miðju ári 2021. Deildin var lokuð fyrrihluta ársins 2021 vegna fjármagnsskorts.

Handverks- og pökkunardeild sinnir fjölbreyttum verkefnum fyrir utanaðkomandi aðila sem og list- og handverkstengdum viðfangsefnum. Fram til ágúst 2021 var lítil starfssemi í deildinni hvað varðar list og handverk en pökkunarverkefnum var sinnt. Í ágúst tók Þórdís Halla við deildarstjórn. Seinni hluta þess mánaðar var unnið að pökkun bóka fyrir Menntamálastofnun. Í september var farið í heimsókn til Íspan sem

gaf okkur mikið af gleri sem gerði okkur kleift að byrja af fullum krafti í glervinnu; bræða skálar, bakka og fleira í glerofninum. Í október var stórt förgunarverkefni fyrir Sorpu fyrirferðarmest en einnig var unnið að merkimiðum fyrir jól, farið var í Heiðmörk að tína köngla og kransar gerðir úr þeim. Deildin tók Hrekkjavöku með trompi og skreytti veitingasalinn á tilkomumikinn hátt í október og heimsótti í sama mánuði Handverkshúsið, fengum þar leiðsögn og góðar móttökur. Í nóvember og desember var unnið að ýmsum verkefnum sem tengjast jólum, m.a. settur upp útsölubás við inngang og nemum annarra deilda boðið að koma og velja sér glerhlut að kostnaðarlausu til að gefa í jólagjöf. Samhliða ofantöldu var alla mánuði unnið að merkingum, samsetningum og pökkun fyrir ýmis fyrirtæki.

Seld þjónusta handverks- og pökkunardeildar var 1,3 m.kr. sem er heldur minna en árið 2020, framlegðin var um 1 m. kr. og lækkar sömuleiðis um 0,6 m. kr. Deildin var lokuð í 7 mánuði eins og áður sagði


Nemar

Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk með það að markmiði að gefa þeim tækifæri til að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám.


Nemar og starfsmenn Fjölsmiðjunnar voru til fyrirmyndar í persónulegum sóttvörnum sem gerði það að verkum að ekki komu upp nein Covid smit innan Fjölsmiðjunnar.

Á árinu 2021 voru í heildina 115 nemar við störf í Fjölsmiðjunni, ýmist í lengri eða styttri tíma. Alls útskrifuðust 48 nemar á árinu. Tæp 32% af þeim fóru í vinnu eða nám. Fyrir um 27% var úrræðið ekki að henta og aðrar ástæður fyrir útskrift annarra nema.






Fjölsmiðjan er ætluð fólki á aldrinum 16-24 ára, þó er möguleiki á því að gera undantekningar frá því með eldri einstaklinga. Á árinu 2021 voru alls 115 nemar skráðir í Fjölsmiðjuna sem er níu fleiri en árið 2020.



Á árinu voru skráðir 115 nemar í Fjölsmiðjunni. Útskrifaðir nemar reyndust 48



KYNJASKIPTING ÚTSKRIFAÐRA NEMA 2021



Nánast allir sem skráðir eru í Fjölsmiðjuna eru með einhverjar formlegar greiningar.

Margir nemar Fjölsmiðjunnar hafa átt við andlegan og félagslegan vanda að stríða oft yfir langan tíma. Kvíði, þunglyndi, svefnvandi og vanvirkni eru áberandi þættir. Að komast upp úr kvíða og þunglyndi getur tekið langan tíma og krefst mikillar þolinmæði.

Flestir sem hætta er vegna einhverskonar veikinda, þar vegur þungt kvíði, þunglyndi og vanlíðan af ýmsu tagi.

Að komast upp úr kvíða og þunglyndi getur tekið langan tíma og krefst mikillar þolinmæði. Fjölsmiðjan telur mikil tækifæri til að auka gæðin á starfseminni sinni m.a. með aukinni fræðslu og stuðningi af sálfræðingi í Fjölsmiðjunni.


Nokkur dæmi um einkenni hópsins:

- | | | |
|-----------------------------|---|-------------------------------------|
| • ADHD | • Einhverfuróf (Asperger, ódæmigerð einhverfa | • Skólaforðun |
| • Dyslexía | • Vinaleysi eða fáir vinir | • Trú á eigin getu oft lítil |
| • Þunglyndi | • Oft brotið bakland | • Óskýr framtíðarsýn |
| • Kvíði | • Tungumálaerfiðleikar, íslenska... | • Stundum saga um neyslu |
| • Depurð | • Án fjölskyldu | • Saga um einelti (oft langvarandi) |
| • Geðraskanir | • Brotin sjálfsmýnd | • Ljuf og einlæg |
| • Mörg hver mjög listhneigð | • Mjög góð ensku kunnátta | • Tölvu -og tækni, mikill áhugi |
| • Sértæk þekking | | |

Með árunum virðist eins og andleg og félagsleg vanlíðan aukist til muna og í Fjölsmiðjuna koma margir einstaklingar með fjölþætt vandamál af þeim sökum. Nú er orðið svo að neysluvandinn er minna áberandi en var í byrjun en almenn vanlíðan er stærra viðfangsefni.

Margir náðu markmiðum sínum og því ber að fagna. Í Fjölsmiðjuna koma oft einstaklingar með lítið sjáfstraust í upphafi en fara héðan sem sterkir einstaklingar í vinnu eða skóla. Best gengur þegar allir geta unnið saman, nemar, fjölskyldan, skóli, meðferðaraðilar, ráðgjafar og viðskiptaaðilar Fjölsmiðjunnar svo eitthvað sé nefnt.

Aðstæður nemanna eru mjög misjafnar, frá því að búa við bestu aðstæður hjá foreldrum, í að vera algjörlega á eigin vegum í lífinu. Margir nemar eiga slæmar minningar úr grunnskóla, til dæmis vegna eineltis og námsörðugleika. Það er mikill sigur að fá nema til að vilja fara aftur í skóla og sérstaklega ef þeim getur liðið vel í skólanum. Samstarf við þá framhaldsskóla sem nemarnir sækja gengur undantekningalaust vel og aðilar skólanna eru mjög viljugir að koma til móts við þarfir nema Fjölsmiðjunnar, sem í byrjun náms geta verið af ýmsum toga. Allir nemar fara í lífsleikni með sinni deild einu sinni í mánuði og þar er farið yfir þætti sem hjálpa í daglegu lífi eins og matarræði, tannheilsa, skattamál, ferilskrá, kynheilbrigði og fleira.



Til að fá vinnu í Fjölsmiðjunni þurfa nemar að sækja skriflega um. Þeir sem sækja um þurfa að vera í sambandi við Félagsþjónustu eða Vinnumálastofnun vegna þjálfunarstyrkja sem þeir eiga rétt á. Fjölsmiðjan er í góðu samstarfi við félagsþjónustur sveitarfélaganna og aðra sem vinna að málefnum ungmenna.

Nemar fá greitt fyrir vinnu sína skv. aldri og ástundun.

Greitt er mánaðarlega frá Fjölsmiðjunni og innheimt til baka frá sveitarfélögum en Vinnumálastofnun hefur séð um greiðslur til sinna skjólstæðinga.

Nemarnir frá Velferðarsviði höfuðborgarsvæðisins eru misvirkir til vinnu og náms og styrkleikar þeirra ólíkir. Þess vegna þurfum við að hafa þjónustuna eins einstaklingsmiðaða og aðstæður okkar leyfa. Margt er sameiginlegt með nemum félagsþjónustunnar t.d. svefnleysi, einhverfa, einbeitingarskortur, kvíði, depurð, þunglyndi og félagsfælni, sem dæmi. Sömuleiðis er mikil sérþekking hjá mörgum um tölvur, tölvuleiki, bíla og tækni svo eitthvað sé nefnt. Einstaklingarnir eru flestir mjög vel enskumælandi, listhneigðir og ljúfir að eðlisfari. Það er því ögrandi verkefni að finna leiðir til að auka vellíðan og virkni nemanna.

Einstaklingar frá VMST eru yfirleitt góður stuðningur við einstaklinga af Velferðarsviðunum og oftast en ekki virkir til vinnu og náms þó það sé ekki algilt. Þeir þurfa eftir sem áður mismunandi stuðning og hvatningu eins og aðrir sem sækja Fjölsmiðjuna.

Fjölsmiðjan hefur verið að taka við nemum frá VMST og AMS en vegna Covid hefur verið minna um að einstaklingar hafa verið að koma inn í styttri tíma. Á árinu 2021


komu tveir einstaklingar inn frá AMS í fjögurra vikna vinnuprófun og sjö einstaklingar sem komu inn í virkni á vegum VMST.

Einn mikilvægasti þátturinn í starfseminni er að nemarnir skynji löngun okkar til að ná árangri við það að auka vellíðan þeirra. Þarfir nema eru án efa mismunandi og leiðirnar til að ná árangri eru líka margar, hver þeirra er farsælust má örugglega deila um.

Við viljum styðjast við hvað rannsóknir segja um farsælar leiðir að vellíðan. Þess vegna viljum við leggja áherslu á „Fimm leiðir að vellíðan“ skv. ábendingum frá Landlæknis embættinu. Að auki þurfum við að þjálfra vinnulag og kenna handverk og skapa jákvæða fyrirtækjamenningu sem nemar okkar vonandi upplifa út í atvinnulífinu. En á endanum byggist árangurinn á starfinu á því að neminn axli ábyrgð á eigin lífi samhliða því sem við bendum honum á mögulegar leiðir til þess. Okkur langar til að reyna að auka sértekjur Fjölsmiðjunnar með t.d. aukinni sköpunarvinnu frá hugmynd að vöru, þróun hennar og markaðssetningu. Það krefst þátttöku nemanna okkar og þjálfar þau í þeirri hugsun sem fylgir því að skapa vöru og vonandi eykur sértekjur Fjölsmiðjunnar. Þetta er í takt við anda Fjölsmiðjunnar frá stofnun hennar árið 2001.


Viðauki

ÚTSKRIFT NEMA Á ALDRINUM 16-20 ÁRA. ÁSTÆÐUR SEM HLUTFALL AF HEILD ÁRIN 2017- 2021, ÁN ENN STARFANDI NEMA.




Nr.	Útskrift, ástæða:	2017	2018	2019	2020	2021
1	Nám	20,8%	12,1%	14,6%	14,3%	7,7%
2	Almennur vinnumarkaður	35,4%	15,2%	7,3%	4,1%	23,1%
3	Veikindi	6,3%	15,2%	7,3%	18,4%	7,7%
4	Hentaði ekki/ fullreynt	6,3%	30,3%	29,3%	16,3%	28,2%
6	Örorka	4,2%	3,0%	2,4%	0,0%	0,0%
7	Annað úrræði	2,1%	0,0%	14,6%	4,1%	12,8%
8	Endurhæfing	0,0%	0,0%	0,0%	2,0%	2,6%
9	Meðferð	10,4%	3,0%	2,4%	0,0%	5,1%
10	Atvinnuleit	0,0%	3,0%	0,0%	16,3%	0,0%
11	Neysla	8,3%	12,1%	0,0%	10,2%	0,0%
12	Hverfur úr úrræði	6,3%	6,1%	22,0%	12,2%	5,1%
13	Atvinna m/stuðningi	0,0%	0,0%	0,0%	2,0%	0,0%
14	Verndaður vinnustaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
15	Fæðingarorlof	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,6%
16	Flutningar	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	5,1%
	Alls	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%


Ástæður útskriftar nema árin 2018-2021




Útskrift ástæður sem hlutfall af heild 2021, án enn starfandi nema




Útskrift ástæður sem hlutfall af heild 2020, án enn starfandi nema




Útskrift ástæður sem hlutfall af heild 2019, án enn starfandi nema



Útskrift ástæður sem hlutfall af heild 2018, án enn starfandi nema



Útskrift ástæður sem hlutfall af heild 2017, án enn starfandi nema





Ársreikningur 2021



Fjölsmiðjan

Ársreikningur 2021

Fjölsmiðjan
Víkurbær 2
203 Kópavogi

Kt. 660601-2790

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Áritun óháðra endurskoðanda

Til stjórnar og framkvæmdastjóra Fjölsmiðjunnar

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2021 fyrir Fjölsmiðjuna byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð endurskoðanda við gerð ársreiknings.


Við höfum notað sérþekkingu okkar á sviði reikningshalds og reikningsskila til að aðstoða fyrirtækið við að gera og leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum hlítt viðeigandi ákvæðum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, sem og bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum sem ársreikningurinn byggir á.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn byggir á. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 15/6 2022

Ernst & Young ehf.



Rögnvaldur Dófrí Pétursson
föggiltur endurskoðandi

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk með það að markmiði að gefa því tækifæri til þess að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var tap ársins 2021 kr. 10.341.127. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 12.579.413. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Fjölsmiðjan er sjálfseignastofnun. Stofnaðilar eru Rauði kross Íslands, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Vinnumálastofnun og Velferðarráðuneytið.

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Atvinnuleysistryggingasjóður og Menntamálaráðuneytið leggja Fjölsmiðjunni til rekstrarfé.

Stjórn Fjölsmiðjunnar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Fjölsmiðjunnar fyrir árið 2021 með undirritun sinni.


Kópavogi, 15/06 2022



Ellen J. Calmon, formaður




Páll B. Guðmundsson, varaformaður



Klara Baldursdóttir Briem




Guðrún Narfadóttir



Margrét L. Ásgrímsdóttir

Framkvæmdastjóri:



Sturlaugur Sturlaugsson

Rekstrarreikningur 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Seld og reiknuð þjónusta	6	33.563.129	32.753.706
Framlög vegna rekstrar	7	84.647.138	89.502.638
Framlög vegna húsaleigu	8	41.285.657	40.714.186
Framlög vegna nema í framhaldsskólum	9	2.000.000	0
Aðrar tekjur	10	3.296.780	1.796.606
		<u>164.792.704</u>	<u>164.767.136</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3, 11	105.853.966	97.918.716
Deildaskiptur kostnaður	12	15.231.192	13.615.357
Annar sameiginlegur kostnaður	13	53.505.719	48.121.206
Afskriftir	4	370.943	221.320
		<u>174.961.820</u>	<u>159.876.599</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		(10.169.116)	4.890.537
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		77.071	225.399
Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum		(15.341)	(49.585)
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(233.741)	(216.335)
		<u>(172.011)</u>	<u>(40.521)</u>
Hagnaður (tap) ársins		(10.341.127)	4.850.016

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2021	2020
Fastafjármunir			
Áhöld og tæki	4	2.544.011	2.352.251
Innréttingar, áhöld og tæki í eldhúsi	4	1.410.143	977.118
Bifreið	4	203.343	376.256
Fastafjármunir samtals		4.157.497	3.705.625
Veltufjármunir			
Birgðir		460.925	530.087
Viðskiptakröfur		14.732.890	25.373.422
Aðrar skammtímakröfur		787.976	346.317
Handbært fé		15.680.197	9.443.165
Veltufjármunir samtals		31.661.988	35.692.991
Eignir samtals		35.819.485	39.398.616

31. desember 2021

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2021	2020
Eigið fé			
Stofnfé	5	20.000.000	20.000.000
Óráðstafað eigið fé (óafnað tap)	5	(7.420.587)	2.920.540
Eigið fé samtals		12.579.413	22.920.540

Skuldir

Skammtímaskuldir

Skuld við Námsstyrkjasjóð Fjölsmiðjunnar	14	671.240	581.240
Velferðarsjóður barna, ónýttur styrkur		263.362	263.362
Viðskiptaskuldir		2.239.784	1.169.256
Aðrar skammtímaskuldir	15	20.065.686	14.464.218
Skammtímaskuldir samtals		23.240.072	16.478.076

Eigið fé og skuldir samtals	35.819.485	39.398.616
------------------------------------	-------------------	-------------------

Sjóðstreymi 2021

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2021	2020
Hagnaður (tap) ársins		(10.341.127)	4.850.016
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á hreint veltufé:			
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	4	370.943	221.320
Hreint veltufé frá (til) rekstrar		(9.970.184)	5.071.336
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun		69.162	304.689
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		10.198.873	(11.068.226)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		6.761.996	(2.561.537)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		17.030.031	(13.325.074)
Handbært fé frá (til) rekstrar		7.059.847	(8.253.738)
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	4	(822.815)	0
Fjárfestingarhreyfingar		(822.815)	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		6.237.032	(8.253.738)
Handbært fé í ársbyrjun		9.443.165	17.696.903
Handbært fé í árslok		15.680.197	9.443.165

Skýringar

1. Upplýsingar um Fjölsmiðjuna

Fjölsmiðjan er sjálfseignastofnun sem er vinnusetur fyrir ungt fólk með það að markmiði að gefa því tækifæri til þess að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám. Lögheimili Fjölsmiðjunnar er að Víkurhvarfi 2 í Kópavogi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili framtíðarhagnaði og hægt sé að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradashluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku félagsins.

Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Til kostnaðarverðs telst allur kostnaður við kaup, auk áfallins kostnaðar við framleiðslu. Auk þess telst til kostnaðarverðs allur kostnaður við að koma birgðunum á núverandi stað og í núverandi ástand. Með dagverði er átt við áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að fullgera vöru og áætluðum kostnaði við að selja hana.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast sjóður og bankainnstæður.

Skýringar

Tekjur

Tekjur vegna sölu vöru og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flýst yfir til kaupanda.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun	93.389.889
Verkjálfun og námsstyrkir nema	106.989.526
Launatengd gjöld	17.808.114
Endurgreidd laun nema	(112.333.563)
Laun og launatengd gjöld alls	105.853.966

Að meðaltali störfuðu 11 starfsmenn hjá Fjölsmiðjunni á árinu í 10,75 stöðugildum. Í árslok voru 11 starfsmenn á launaskrá hjá Fjölsmiðjunni og heilds dagsstöðugildi voru 10,75.

Reiknað áunnið orlof í árslok nemur kr. 5.960.053.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld tæki og innréttingar	Innréttingar í eldhús	Bifreið	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	14.876.750	6.514.122	1.708.502	23.099.374
Afskrifað í ársbyrjun	(12.524.499)	(5.537.004)	(1.332.246)	(19.393.749)
Viðbót á árinu	370.570	452.245	0	822.815
Afskrifað á árinu	(178.810)	(19.220)	(172.913)	(370.943)
Bókfært verð í árslok	2.544.011	1.410.143	203.343	4.157.497
Stofnverð alls í árslok	15.247.320	6.966.367	1.708.502	23.922.189
Afskrifað alls í árslok	(12.703.309)	(5.556.224)	(1.505.159)	(19.764.692)
Bókfært verð í árslok	2.544.011	1.410.143	203.343	4.157.497
Afskriftarhlutföll	20%	30%	15%	

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	20.000.000	2.920.540	22.920.540
Afkoma ársins		(10.341.127)	(10.341.127)
Eigið fé í árslok	20.000.000	(7.420.587)	12.579.413

Sundurliðanir

	2021	2020
6. Seld og reiknuð þjónusta		
Bílapvottastöð	4.925.096	4.062.112
Trésmiðadeild	7.939.961	7.581.778
Hússtjórnardeild	13.021.239	12.164.305
Tölvudeild	597.637	974.987
Tæknideild	5.825.032	6.420.504
Handverk/pökkun	1.254.164	1.550.020
	33.563.129	32.753.706
7. Framlög vegna rekstrar		
Atvinnuleysistryggingasjóður	35.520.538	35.520.538
Menntamálaráðuneytið	38.000.000	33.000.000
Reykjavíkurborg	6.270.000	6.237.885
Kópavogsbær	1.760.000	1.780.188
Hafnarfjarðarbær	1.430.000	1.455.627
Garðabær	770.000	777.453
Mosfellsbær	550.000	522.426
Seltjarnarnes	220.000	226.421
Covid - 19 styrkur	0	9.750.000
Greiðslur vegna starfsmanna í sóttkví	126.600	232.100
	84.647.138	89.502.638
8. Framlög vegna húsaleigu		
Atvinnuleysistryggingasjóður	24.840.001	24.840.002
Reykjavíkurborg	9.374.024	8.967.308
Kópavogsbær	2.631.305	2.574.412
Hafnarfjarðarbær	2.137.935	2.074.776
Garðabær	1.151.196	1.134.832
Mosfellsbær	822.283	798.120
Seltjarnarnes	328.913	324.736
	41.285.657	40.714.186
9. Greiðslur vegna nema í framhaldsskólum		
Háskólaþing Vestfjarða	2.000.000	0
	2.000.000	0

Sundurliðanir

	2021	2020
10. Aðrar tekjur		
Velferðarsjóður barna	0	1.000.000
Sorpa hf.	0	500.000
TM	0	146.094
Delta, Kappa, Gamma	0	100.000
Virk, þjónustusamningur	3.000.000	0
Sjóvá hf.	170.000	0
Íslandsbanki hf.	100.000	0
Frumherji hf.	19.100	0
NN	7.680	50.512
	<u>3.296.780</u>	<u>1.796.606</u>
11. Laun og launatengd gjöld		
Laun starfsmanna	93.157.389	82.958.568
Laun nema	106.989.526	114.206.465
Endurgreidd laun nema	(112.333.563)	(119.920.651)
Stjórnarlaun	232.500	277.500
Bílastyrkur	316.201	385.314
Lífeyrissjóðsframlag	12.142.820	10.650.644
Áfallið orlof	(3.345.854)	1.582.161
Önnur launatengd gjöld	8.611.457	7.778.715
Námskeið og fræðsla starfsmanna	12.490	0
Gjafir til starfsmanna	71.000	0
	<u>105.853.966</u>	<u>97.918.716</u>
12. Deildaskiptur kostnaður		
Bílapvottastöð		
Efni	438.360	562.500
Áhöld og tæki	18.350	1.668
Hreinlætisvörur	33.364	20.869
	<u>490.074</u>	<u>585.037</u>
Trésmíðadeild		
Efni	689.985	1.007.726
Áhöld og tæki	447.634	11.666
Hreinlætisvörur	13.778	18.299
	<u>1.151.397</u>	<u>1.037.691</u>

Sundurliðanir

	2021	2020
Hússtjórnardeild		
Efni	10.892.853	9.984.091
Áhöld og tæki	558.819	182.386
Eftirlitskerfi í eldhúsi	156.897	130.296
Hreinlætisvörur	29.929	49.190
Vinnufatnaður	222.518	124.954
	<u>11.861.016</u>	<u>10.470.917</u>
Tölvudeild		
Efni	229.920	286.257
Áhöld og tæki	87.390	0
	<u>317.310</u>	<u>286.257</u>
Tæknideild		
Efni	352.517	201.794
Áhöld og tæki	194.152	450.624
Húsnæðiskostnaður	16.060	161.957
Gámaleiga og sorphirða	300.594	62.331
Gjaldfærð áhöld og tæki	90.647	188.773
Aðkeyptur akstur	28.000	119.110
	<u>981.970</u>	<u>1.184.589</u>
Kennsla		
Kennslugögn	138.644	0
	<u>138.644</u>	<u>0</u>
Handverk og pökkun		
Efni	268.669	28.973
Áhöld og tæki	12.435	0
Hreinlætisvörur	9.677	21.893
	<u>290.781</u>	<u>50.866</u>
Deildarskiptur kostnaður, samtals	<u>15.092.548</u>	<u>13.615.357</u>

Sundurliðanir

	2021	2020
13. Annar sameiginlegur kostnaður		
Húsaleiga	34.812.725	33.325.578
Rafmagn og hiti	960.123	1.193.178
Viðhald og viðhaldsvörur	2.578.739	836.415
Hússjóður	1.252.440	1.252.440
Heilbrigðiseftirlit	90.000	87.500
Öryggisgæsla	157.128	167.167
Gámaleiga og sorphirða	127.358	213.119
Hreinlætisvörur	23.700	34.406
Reiknaður matarkostnaður nema	2.606.771	2.633.695
Kostnaður vegna útseldrar vinnu nema	0	18.600
Reikningsleg aðstoð	456.816	489.800
Memaxi	1.413.600	706.800
Önnur aðkeypt þjónusta, þrif	80.144	0
Gjaldfærð áhöld og tæki	1.417.821	610.832
Rekstur tölvukerfis	2.746.180	2.422.940
Sími og internet	1.325.311	1.241.957
Burðargjöld	21.030	975
Ritföng, prentun og pappír	265.898	232.800
Vátryggingar	1.560.365	1.336.911
Auglýsingar	186.182	63.956
Gjafir og styrkir	24.390	11.000
Kaffikostnaður	124.451	122.270
Matarkostnaður	58.613	0
Þjónustugjöld og bankakostnaður	106.920	77.882
Rekstur bifreiða	594.121	559.428
Rekstur lyftara, kerru og loftpressu	23.990	84.063
Sjúkrakassar, lyf og læknisáðstoð	16.219	84.187
Félagslíf nemenda	176.973	122.958
Fræðsla og sjálfstyrking nema	194.997	190.349
Hópefli - lífsleikni nema	102.714	0
	53.505.719	48.121.206

Sundurliðanir

	2021	2020
14. Skuld við Námsstyrkjasjóð Fjölsmiðjunnar		
Flutt frá fyrra ári	581.240	461.240
Gjafir í Námsstyrkjasjóð, stjórnarlaun	90.000	120.000
	<u>671.240</u>	<u>581.240</u>
15. Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreitt áfallið orlof	5.960.053	9.305.907
Ógreidd laun nema	8.784.294	103.531
Ógreidd staðgreiðsla	2.629.955	2.885.877
Ógreitt tryggingagjald	608.541	524.626
Ógreiddur lífeyrissjóður	1.808.307	1.420.221
Ógreidd stéttarfélagsgjöld	270.786	224.056
Aðrar skammtímaskuldir	3.750	0
	<u>20.065.686</u>	<u>14.464.218</u>

